

12.janúar 2026

5.fundur Stjórn foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla veturinn 2025-2026

Mættir: Óli Már, Kiddi, Halla Dröfn, Elfa Hlín og Sigurveig sem ritar fundargerð. Katla boðar forföll.

1. Elfa sendi tölvupóst að kanna um námskeið/fræðslu og kostnað við það, en ekki borist neitt svar, hún ætlar að kanna málið frekar.
2. Á síðasta fundi var rætt um ábendingu frá foreldri varðandi ósk að skoða áhuga á símabanni á skólatíma. Gerður spurningalisti sem á að senda út á foreldra til að kanna hug þeirra til símabanns.
3. Skólaráðsfundur verður á fimmtudaginn 15.janúar.
 - a. Í framhaldi af síðasta fundi þá ætlar Kiddi að spyrja um nýtingu fjármagns vegna bláu kubba.
 - b. Upplýsa um könnun sem verði lögð fyrir foreldra vegna símanotkunar í Seyðisfjarðarskóla.

Fundi slitið 18.00

Stjórn foreldrafélagsins hefur áhuga á að kanna hug foreldra til símanotkunar barna sinna á skólatíma. Vegna þessa biðjum við ykkur vinsamlegast að svara þessum spurningum.

Núverandi reglur í Seyðisfjarðarskóla eru þannig að öll símanotkun nemenda á yngsta og miðstigi stigi er bönnuð bæði innan skólans og á skólalóð (í frímínútum). Á unglingastigi mega nemendur hafa með sér síma í skólann en þurfa að skila símanum í körfu þegar þau koma í tíma og mega svo fá símana í frímínútum og hádegishléi.

Sjá líka skólareglur: [Skólareglur | Seyðisfjarðarskóli](#)

Spurningar:

1. Á hvaða stigi Seyðisfjarðarskóla er barn þitt: (merktu við á hvaða stigi öll börnin þín eru, hægt að merkja við 1-2 eða 3 eftir fjölda barna)
 - a. Yngsta stig
 - b. Miðstig
 - c. Unglingastig
2. Ertu sáttur við núverandi fyrirkomulag á reglum um símanotkun í Seyðisfjarðarskóla?
 - a. Já
 - b. Nei
3. Þú sem foreldri, hversu hlynnt eða andvígt ertu algjöru símabanni í Seyðisfjarðarskóla.
 - a. Mjög andvígt
 - b. Frekar andvígt
 - c. Hlutlaust
 - d. Frekar hlynnt
 - e. Mjög hlynnt